Matvælastofnun (MAST) | UMHVERFISSTOFNUN

# Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

| Nafn og kt. rekstraraðila: | Dags. eftirlits: | Staðsetning stöðvar: | Starfsleyfisflokkur: |
|---|---|---|---|
| Fiskeldi Austfjarða 520412-0930 | 24. júní 2016 | Berufjörður | 2 |
| **Tengiliður:** | **Netfang:** | **Sími:** | **Gerð stöðvar:** |
| Jónatan Þórðarson | jonatan@icefishfarm.com | 696-1964 | Sjókvíeldi |
| **Gildistími starfsleyfis:** | **Kvittun afhend:** | **Viðstaddir eftirlit:** | **Fulltrúi heilbrigðiseftirlits:** |
| 1. júlí 2027 | já | Brynjólfur Einarsson | — |

| Starfssemi | Já / Í lagi | Nei / Ekki í lagi | Á ekki við | Athugasemdir: |
|---|---|---|---|---|
| Er umfang í samræmi við starfsleyfi? | X | | | innan marka |
| Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti?<br><br>Áætlaðar breytingar? | X<br><br>Í lagi | | | endurnýjun á búnaði og verið að vinna í að skipta regnboga út f. lax (- áframhaldandi skipti) |
| Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi). | X | | | |
| Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí? | | X | | |
| Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí? | | X | | frestur til 1. júlí 2016 |
| Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir til staðar? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar) | | X | | vantar |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður? | | | X | |
| Er trygging vegna bráðamengunar í gildi? | X | | | |
| Er neyðaráætlun til staðar? | | X | | vantar |

| Umhverfi | Já / Í lagi | Nei / Ekki í lagi | Á ekki við | Athugasemdir: |
|---|---|---|---|---|
| Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi? | X | | | vaktar set í firðinum, umhverfismælingar með hakró |
| Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki? | X | | | |
| Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt?<br>Mælingar eða útreikningar?<br>Síðustu mælingar? | X<br>X | | | kemur fram í Farm control<br>útreikningar<br>setmælingar, sjómælingar á metersdýpi í kringum áramót |
| Ástand frárennslis (landeldi).<br>Eru set eða útfellingar?<br>Olía eða froða?<br>Sorp eða aðrir aðskotahlutir?<br>Hitaupgufun frá frárennsli?<br>Er óeðlileg lykt?<br>Er fiskur í frárennsli? | | | | |
| Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síjun, settjörn, tromlur, oþh.<br>Leið frárennslis frá keri að viðtaka. | | | | |
| Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór). | X | | | sjór |

mast Matvælastofnun

UMHVERFISSTOFNUN

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Umhverfi sjókvía.<br>Hvernig er fylgst með uppsöfnun fóðurleifa – þarf að fylgjast með?<br>Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu? | X<br>X | | | með krabbagildrum<br>er ekki mikið |
| Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka. | X | | | náttúrustofa norðausturlands |
| Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi? | | X | | en með undanþágu til 1. júlí. hafa sótt um lengri tíma |
| Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar? | X | | | (í næstu viku, reyna að slátra 4x í viku) |
| Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð? | | | | • Búlandstindur<br>• ~~[illegible]~~ Haustak<br>• hafa verið að setja út laxaseiði í júní og aftur í haust |
| Meðhöndlun úrgangs og spiliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks? | X | | | fargað í lóninu, besti fiskurinn fer með slógi úr frystihúsi |
| Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi? | X | | | |
| Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar. | | X | | búið að taka mælingar. Munu hafa samband |
| Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á. | | | X | |
| Næstu áætluðu mælingar? Hverjar?<br>Er það skv. starfsleyfi?<br>Hver sér um mælingarnar? | | | X | munu hafa samband |

<table>
<tr><td colspan="2">Niðurstöður síðasta eftirlits:<br>·Kvíar (2·160 m) eru utan umrits skv. starfsleyfi<br>·skil á ársskýrslu og grænu bókhaldi / útstr. bókhaldi vantar</td></tr>
<tr><td>Samantekt:</td><td>[illegible] Verið að skipta regnboga út fyrir lax</td></tr>
<tr><td>Frávik</td><td>·Ársskýrslu ekki skilað<br>·grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi ekki skilað<br>·Áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir vantar<br>·neyðaráætlun vantar<br>·kvíar utan staðsetningar starfsleyfis<br>·skil á niðurstöðum umhverfisvöktunar vantar</td></tr>
<tr><td>Athugasemdir</td><td></td></tr>
<tr><td>Annað</td><td>Rekstraraðila hafði verið veittur frestur v. skila á grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi og vegna úrbóta vegna staðsetningu kvía.</td></tr>
</table>

*Undirskrift eftirlitsmanns:* Soffía Karen

# EFTIRLITSSKÝRSLA

**Fiskeldi Austfjarða hf.   Berufjörður**

UMHVERFISSTOFNUN

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Dags eftirlits** | 24.6.2016 | **Ábyrgðarmaður eftirlits** | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| **Fyrirtæki** | Fiskeldi Austfjarða hf. | **Eftirlitsmaður** | Soffía Karen Magnúsdóttir |
| **Heimili** | Vörðu | **Tegund eftirlits** | Framselt eftirlit |
| **Kennitala** | 5204120930 | **Flokkur** | Fiskeldi |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | Brynjólfur Einarsson | **ÍSAT nr.** | 03.21.00 |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | | **Staðsetning** | |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin athugasemd var gerð í eftirlitinu en 7 frávik komu fram er varða rangra staðsetningu kvía, skil á ársskýrslu, skil á grænu bókhaldi, skil á útstreymisbókhaldi, að áhættumat og viðbragðsáætlun er ekki til staðar, að neyðaráætlun er ekki til staðar og að lífrænum úrgangi er fargað á óleyfilegan hátt.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit þetta var framkvæmt af Matvælastofnun í samræmi við samning þar um sem Umhverfisstofnun og Matvælastofnun hafa gert með hliðsjón af lögum nr. 71/2008 um fiskeldi.
Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

| Frávik frá | Lýsing á fráviki |
|---|---|
| Gr. 1.2 í starfsleyfi | Kvíar eru staðsettar utan þess svæðis sem tilgreint er í viðaukum starfsleyfis. Rekstraraðili vinnur að undanþágubeiðni vegna þessa en afrit umsóknar hefur ekki borist eftirlitsaðila né staðfesting á að undanþága hafi fengist hjá umhverfis- og auðlindaráðuneyti. |
| Gr. 3.3 í starfsleyfi | Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3. og 5. kafla. Ársskýrslu fyrir árið 2015 hefur ekki verið skilað til eftirlitsaðila. |
| Gr. 3.4 í starfsleyfi | Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald. Frestur var gefin til 1. júlí til skila á grænu bókhaldi 2015. Skýrslunni hefur enn ekki verið skilað. |
| Gr. 3.4 í starfsleyfi | Rekstraraðili skal færa útstreymisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 990/2008, um útstreymisbókhald. Frestur var gefinn til 1. júlí til að skila inn útstreymisbókhaldi 2015. Skýrslunni hefur enn ekki verið skilað. |
| Gr. 4.4 í starfsleyfi | Rekstraraðili skal gera áhættumat og vinna viðbragðsáætlun á grundvelli þess. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfisstofnunar. Áhættumat og viðbragðsáæltun var ekki |

| | |
|---|---|
| | aðgengileg í eftirlitinu og hefur ekki verið send eftirlitsaðila. |
| Gr. 4.5 í starfsleyfi | Útbúa skal neyðaráætlun sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar.<br>Neyðaráætlun var ekki aðgengileg í eftirlitinu og hefur ekki verið send eftirlitsaðila. |
| Gr. 2.9 í starfsleyfi | Ekki er heimilt að farga lífrænum úrgangi á annan hátt en kveðið er á um í starfsleyfi. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi í slíka vinnslu ef kostur er. Að öðrum kosti skal lífrænn úrgangur fluttur til viðurkenndrar eyðingar eða urðunar.<br>Fram kom í eftirliti að dauðfisk sé fargað í lóninu og er það með öllu óheimilt. Sýna þarf kvittanir frá móttökuaðila lífræns úrgangs |

**ATHUGASEMDIR**

Engin athugasemd var gerð í eftirlitinu.

**ANNAÐ**

Niðurstöðum úr botnsýnatökum og sjósýnum var skilað til eftirlitsaðila með tölvupósti þann 8. júní sl.

Bent er á að uppfæra þarf vökutnaráætlun og senda eftirlitsaðila afrit af nýrri áætlun.

28.07.2016

Guðbjörg Stella Árnadóttir

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.